



12. ágúst 2025

I. KAFLI Hundahald

1. gr.

Hundahald í þéttbýlisstöðum Húnabyggðar sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Þéttbýlisstaðirnir sem hér um ræðir er Blönduós. Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu hunda gilda ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

2. gr.

Sveitarstjórn veitir lögráða einstaklingum sem búa í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang eiganda og er óheimilt að framselja það. Leyfi er einnig bundið við þann hund sem sótt er um leyfi fyrir hverju sinni. Leyfi er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi skal skriflegt samþykki 2/3 íbúðareigenda með sameiginlegan inngang eða stigagang fylgja umsókn, sbr. 33. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Um hundahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994. Áður en hundur sem stendur til að halda í fjöleignarhúsi er skráður ber umráðamanni að tryggja að hundahaldið sé í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglur viðkomandi húsfélags, og framvísi afrit af fundargerð þar sem slíkt leyfi er veitt. Það er ekki gert ráð fyrir því í fjöleignahúsalögum að menn gangi á milli íbúða og safni undirskriftum, auk þess sem ákvarðanir eru teknar á húsfundi en ekki stigagöngum.
- b) Hundar skulu vera ormahreinsaðir ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Gjald vegna ormahreinsunar er innifalið í leyfisgjaldi vegna hundsins.
- c) Óheimilt er að halda hund í sveitarfélaginu af tegund sem Matvælastofnun hefur bannað innflutning á.
- d) Sveitarfélagið sér um að ábyrgðartryggja þá hunda sem þeir gefa út leyfi fyrir. Ábyrgðartryggingin skal vera innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Hundar skulu vera örmerktir og ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata sem í er grafið skráningarnúmer hundsins.
- f) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum og í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu að öðru leyti ávallt vera í taumi utanhúss og í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum húss. Eiganda eða umráðamanni hunds er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- g) Eiganda eða umráðamanni hunds ber að sjá svo um að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- h) Óheimilt er að hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Framan- greindir staðir eru m.a. eftirfarandi:



1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
 2. Almennings- og útisalarni.
 3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
 4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
 5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsjónaraðila.
 6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
 8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
 9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
 10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
 11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
 12. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
 13. Almenn samgöngutæki.
- i) Ákvæði staflíða g hér að framan eiga ekki við um nýttjahunda að störfum.
- j) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- k) Óheimilt er að hafa fleiri en þrjá hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef um er að ræða ræktun hunda í atvinnuskyni.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal skila til skrifstofu sveitarfélagsins á þar til gerðu eyðublaði. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrir mælum samþykktar um hundahald. Sveitarstjóri eða fulltrúi hans afgreiðir umsóknir um leyfi til hundahalds. Leyfishafi fær afhenta plötu, sbr. ákvæði d-liðar í 2. gr. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar eftir útgáfu þess fellur það sjálfkrafa úr gildi. Leyfishafi skal tilkynna sveitarfélaginu ef hundurinn drepst eða flyst úr sveitarfélaginu.

4. gr.

Hunda sem ganga lausir utan húss í þéttbýli skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sama gildir um hættulega hunda og þá sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir. Kostnaður við töku og geymslu hunds skal að fullu greiddur af eiganda. Heimilt er að afhenda hund úr geymslu sveitarfélagsins hafi viðkomandi fengið útgefið leyfi fyrir hundinum innan sjö sólarhringa frá því að hundurinn er kominn í vörslu eftirlitsmanns, enda hafi áfallinn kostnaður vegna handsömunar og geymslu hundsins verið greiddur af eiganda. Að öðrum kosti er heimilt að aflífa hundinn að sjö sólarhringum liðnum, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins ef unnt er. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bíta skal fjarlægja og er lögreglu og eftirlitsmanni heimilt að láta lóga þeim þegar í stað, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 80/2016 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrhald í atvinnuskyni. Hunda sem hætta er talin stafa af, sbr. þá sem ráðast á menn eða skepnur, skal tilkynna til lögreglu þegar í stað, fjarlægja þegar í stað og færa í vörslu starfsmanna þjónustumiðstöðvar. Séu slíkir hundar teknir í vörslu taka lögreglustjóri og starfsmanna þjónustumiðstöðvar ákvörðun um það hvernig með þá skuli farið. Heimilt er að fyrirskipa aflífun hættulegs hunds, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004.



II. KAFLI Kattahald

5. gr.

Kattahald í þéttbýlisstöðum í Húnabyggð sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Þéttbýlisstaðirnir sem hér um ræðir er Blönduós.

6. gr.

Sveitarstjórn veitir lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu, leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang eiganda og er óheimilt að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um leyfi fyrir hverju sinni. Leyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi skal skriflegt samþykki 2/3 íbúðareigenda með sameiginlegan inngang eða stigagang fylgja umsókn, sbr. 33. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Um kattaahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994. Áður en köttur sem stendur til að halda í fjöleignarhúsi er skráður ber umráðamanni að tryggja að kattahaldið sé í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglur viðkomandi húsfélags, og framvísi afrit af fundargerð þar sem slíkt leyfi er veitt. Það er ekki gert ráð fyrir því í fjöleignarhúsalögum að menn gangi á milli íbúða og safni undirskriftum, auk þess sem ákvarðanir eru teknar á húsfundi en ekki stigagöngum.
- b) Kettir skulu vera hreinsaðir af ornum svo og öðrum sníkjudýrum sem máli skipta. Skila þarf staðfestingu dýralæknis um ormahreinsun til skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 1. apríl ár hvert.
- c) Sveitarfélagið sér um að ábyrgðartryggja þá ketti sem þeir gefa út leyfi fyrir. Ábyrgðartryggingin skal vera innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- d) Kettir skulu vera örmerktir og ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er grafið skráningarnúmer kattarins.
- e) Eiganda eða umráðamanni kattar ber að sjá svo um að kötturinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- f) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- g) Óheimilt er að hafa fleiri en þrjá ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef um er að ræða ræktun katta í atvinnuskyni.
- h) Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta, m.a. að næturlagi.
- i) Ekki má hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Ekki má heldur hleypa köttum inn í húsnæði vatnsveitna.
- j) Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra.

7. gr.

Umsókn um leyfi til kattahalds skal skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins á þar til gerðu eyðublaði. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um kattahald. Sveitarstjóri eða fulltrúi hans afgreiðir umsóknir um leyfi til kattahalds. Leyfishafi fær afhenta plötu, sbr. ákvæði d-liðar 6. gr. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa



úr gildi. Leyfishafi skal tilkynna sveitarfélaginu ef kötturinn drepst eða flyst úr sveitarfélaginu.

8. gr.

Eftirlitsaðila er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 80/2016 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

III. KAFLI Eftirlit o.fl.

9. gr.

Sveitarstjórn felur Þjónustumiðstöð og eftir atvikum Matvælastofnun, fyrir hennar hönd að sjá um að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt. Heimilt er að skipa fleiri en einn aðila til verksins og setur sveitarstjórn nánari starfsreglur. Halda skal skrá yfir þá hunda og ketti sem afskipti eru höfð af. Á skrifstofu sveitarfélagsins skal færa upplýsingar um útgefin leyfi hunda og katta. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Þjónustumiðstöð skal árlega senda byggðarráði skrá yfir leyfða hunda og ketti. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur eftirlit með samþykkt þessari. Þjónustumiðstöð starfar í umboði sveitarstjórnar og hefur eftirlit með framkvæmd hunda- og kattahalds og getur leitað aðstoðar lögregluþyrvalda þegar þess er þörf.

10. gr.

Sveitarstjórn skal, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, setja gjaldskrá vegna eftirlits með hundum og köttum í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gjaldskránni skal kveðið á um gjald til sveitarsjóðs vegna útgáfu og endurnýjun leyfis til hunda- og kattahalds, en gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu dýrsins til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið til hunda- eða kattahalds sjálfkrafa úr gildi. Í gjaldskránni skal einnig kveðið á um greiðslu eigenda hunda og katta á kostnaði vegna annarra gjaldaliða sem leiða af samþykkt þessari. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, svo sem hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjónðaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald.

11. gr.

Eigendur eða umráðamenn hunda eða katta sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessar skulu sæta skriflegri áminningu af hálfu heilbrigðisnefndar og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef eigandi eða umráðamaður hunds eða kattar vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hunda- og kattahald getur sveitarstjórn afturkallað leyfi hans til hunda- eða kattahalds. Skal leyfishafi þá afhenda dýrið starfsmanni tæknideildar. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds og kattahalds telji hún þess brýna þörf. Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

12. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykkt þessari ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er heilbrigðisnefnd heimilt að beita hann dagsektum þar til úr er bætt eða beita þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um



hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

13. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004 og samþykkt nr. 1121/2005 um kattahald í Blönduósbæ.